



102. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í stofu íslenskra fræða mánudaginn 17. október 2022
kl. 13:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Alda Pálsdóttir, Daði Geir Samúelsson, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Ragnheiður Bjarnadóttir (fjármálastjóri), Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð, Freyja Rós Haraldsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson (fulltrúi kennara). Fanney Ólöf Lárusdóttir og Eydís Indriðadóttir boðuðu forföll. Jóhannes Sveinbjörnsson og Bragi Bjarnason tók þátt í gegnum Teams. Sigríður K. Viðarsdóttir (fulltrúi foreldra) fjarverandi

Dagskrá:

1. Breyting á stjórn mötuneytis og framkvæmdarstjóra - staðfesting skólanefndar
2. Ármannsvika
3. EKKO
4. Önnur Mál

Gunnar setti fundinn.

1. Breyting á stjórn mötuneytis og framkvæmdarstjóra - staðfesting skólanefndar

Ragnheiður Bjarnadóttir fjármálastjóri ML er gestur fundarins og mun ávarpa skólanefnd í upphafi fundar.

Halldór Páll Halldórsson hefur verið í veikindaleyfi síðan í mars 2022 og ástæða til að gera breytingar á stjórn Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni svo hægt sé að sinna bankaviðskiptum fyrir hönd mötuneytisins. Það var því borið undir skólanefnd að Jóna Katrín Hilmarsdóttir, skólameistari, verði skipuð framkvæmdastjóri Mötuneytis ML. Viðeigandi eyðublöð voru undirrituð af þeim skólanefndarmönnum sem viðstaddir eru. Einhverjir nefndarmenn höfðu boðað forföll og því varamenn á fundinum en aðrir nefndarmenn voru á fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Þeim aðalmönnum sem ekki voru viðstaddir verða send skjölin til undirritunar og þeim skilað til Skattsins. Um er að ræða eyðublöðin *Tilkynning um breytingu á stjórn og Tilkynning um raunverulega eigendur*.

Fjallað var í stuttu mála yfir fjárhagslega stöðu mötuneytisins og almennt séð er fjárhagsstaðan jákvæð. Ársreikningur mötuneytisins verður tilbúinn í nóvember og verður skólanefnd boðuð á fjarfund til að fjalla um ársreikninginn.

Ragnheiður Bjarnadóttir yfirgefur fundinn.



2. Ármannsvika

Jóna Katrín fer yfir hvernig ármannsvikan gekk fyrir sig. Stjórn Mímis vildi vekja upp gamlar hefðir þar sem nemendur fundu fyrir því í Covid að hefðir höfðu lagst af að einhverju leyti. Þá vaknaði þessi hugmynd um að ármenn myndu vekja nemendur á heimavist. Nemendur voru vaktir kl. 07:20 að morgni og fóru í morgunmat. Með Ármannsvikunni vildi skólinn jafnframt vekja nemendur til vitundar um mikilvægi þess að sofa vel og borða morgunmat.

Fyrst fannst nemendum þetta spennandi en svo dalaði áhuginn. Nemendur voru vaktir á mismundi hátt t.d. með tónlist, búsáhöldum og einnig rólega.

Við þetta fléttaðist fyrir tilviljun evrópsk hreyfivika á vegum ÍSÍ, #Beactive, en Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið til verkefna sem tengjast vikunni. Markmiðið með íþróttaviku þessari er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings og átti þetta vel við inn í þá heilsuvakningu sem Ármannsvikunni er ætlað að vera. Ýmsir viðburðir voru í boði t.d. má nefna gjaldfrjáls heimsókn í Fontana fyrir nemendur og starfsfólk ML, golfæfing í boði Dalbúa, strútsfótbolti, jóga, hugleiðsla, feluleikur og margt fleira.

3. EKKO

Jóna Katrín fer yfir málin, hvernig staðan er í fjölmiðlum og sagði frá samstöðumótæmum sem nemendur efndu til í samstöðu við MH.

Freyja Rós tekur til máls. Hún fer yfir áætlun/stefnuskjal menntaskólans. Freyja Rós nefnir að sálfræðingar, námsráðgjafi, sjálfstætt starfandi ráðgjafi Auðnast og fleiri komu að gerð skjalsins. Við erum með góða áætlum og höfum fengið staðfestingu um það frá reynslumiklum aðilum. Freyja Rós vakti athygli okkar á tilkynningarhnapp inni á heimasíðu ML fyrir þennan málaflokk.

Nánari útfærsla á óformlegri og formlegri málsmeðferð lið fyrir lið er í vinnslu.

Ráðgjafi frá Auðnast kom í fyrra, þann 11. 11., og hélt fyrirlestur og vinnustofur, þar sem markmiðið var að auka þekkingu starfsfólks á EKKO málefnum.

SÍF boðaði til fundar með aðstoð Mennta- og barnamálaráðuneytis þann 18. október 2022 - *Samráðsfundur SÍF ráðuneytis skólameistara og formanna nemendafélag í framhaldskólum*. Jóna Katrín og Freyja verða okkar fulltrúar. Þar munu þær kynna stefnuskjal menntaskólans, að beiðni ráðuneytisins.

4. Önnur mál

- a) Nemendur eru með fótboltalið, munu keppa í Bola deildinni. Við erum með blandað lið.
- b) Foreldrafélagið, Jóna Katrín nefnir að það vantar að skipa nýja stjórn.
- c) Kórinn, Jóna Kata fékk leyfi til þess að halda kóræfingar í matsal HÍ hér á Laugarvatni. Kórinn fer til Ítalíu næsta vor til Bolzano á Ítalíu.



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:12

Fundagerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir